

RECARO

Barnastólar og kerrur

þar sem þýskt hugvit og heimsklassa ítölsk hönnun fara saman



BÍLASMIÐURINN HF


Bildshöfða 16, 110 Rvk | S. 567 2330 | bilasmidurinn.is

7. TBL. 1. ÁRG.

HVERFISBLAÐIÐ

NÓVEMBER 2024

BREIÐHOLT



Í haustbíðunni

Elliðaármur og umhverfi þeirra eru talin til náttúruundra inn í miðri stórborg. Laxveiða sem einnig hefur knúið orkumannvirki og veitt borgarbúum birtu og yl. Oft hefur verið deilt um þetta náttúrusvæði og horft til ólíkra sjónarmiða. Á myndinni má sjá ána liðast á milli bakka en umferðarmannvirki að baki.

Ljósmynd: MG

Tvær bílalúgur í Suðurfelli

Virka daga 8:30-20 Laugardaga 11-17



MIDBERG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



Breiðholtslaug

Bættu smá heppni í jólapakkann!

Jólabrennurnar eru komnar í sölu



Happabrennan

Skannaðu QR kóðann



Erum flutt í glæsilegt húsnæði að Lág múla 4 (2.hæð) og bjóðum upp á alla þjónustu tengda göngugreiningu.

Hjá okkur starfar reynslumesta starfsfólkið í göngugreiningum og notum einn fullkomnasta greiningarbúnað sem völ er á.

Höfum þrjár gerðir af tæknilegustu innleggjum á markaðnum sem við búum til á staðnum.

Lýður og Elva hafa tekið á móti rúmlega 70.000 einstaklingum í göngugreiningu um allt land!

Bókaðu tíma í göngugreiningu á www.gongugreining.is eða í síma 481-1000

GÖNGUGREIÐING



Skannaðu kóðann og bókaðu þinn tíma á netinu!



BREIÐHOLT

Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík
Frákvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
Ritstjóri: Þóroddur Ingimarsson • thoringimars@gmail.com
Ljós.: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



Jólasveinabúningar

Höfum framleitt jólasveinabúninga á íslenska atvinnujólasveina í 39 ár og erum enn að. Seljum einning stök skegg og húfur með hári.

TAUPRENT

Sími: 845 2510 • Facebook: jólasveinabúningar einn og átta



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Breiðholt

ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

SPORT AND LEISURE ACTIVITIES

ZAJĘCIA SPORTOWE I REKREACYJNE



Nemendur FB taka þátt í Unglist



Nokkur sýnishorn af verkum nemenda FB sem tóku þátt í sýningunni

Sjú nemendur í lokaáfangi á fata- og textílbraut í FB héldu tiskusýningu ásamt Tækniskólanum í Hinu húsinu 2. nóvember sl. og er sýningin hluti af lista-hátíðinni Unglist 2024. Þema sýningarinnar var 'átök' – innri sem ytri – þar sem hver flík sagði



einstaka sögu í gegnum liti, form og efni.

Sýningin var hin glæsilegasta þar sem framtíð íslenskrar tísku og listsköpunar lét ljós sitt skína. Nemendur FB sem tóku þátt í sýningunni eru þau Agnes Líf Hildardóttir, Helen Giang Le Ngo,



Ljósmyndir: Hafsteinn Snær Þorsteinsson.

Hilmir Steinn Óskarsson, Ismael Þorgils Jónsson, Nehimiya Tadese Lemma, Norienne C. Morales Garcia og Victor Friðjónsson. Laugardaginn 9. nóvember opnaði svo sýningin í Hinu húsinu, Rafstöðvarvegi 7, þar sem nemendur á myndlistarbraut sýna fjölbreytt verk.

Félagsmiðastöðvadaurinn

Samvera er ein besta forvörnin

Gestir streymdu í félagsmiðstöðvar borgarinnar á félagsmiðstöðvadaurinn sem haldin var 16. október sl. Félagsmiðstöðvadaurinn er hluti af félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavíkunni sem SAMFÉS stóð fyrir dagana 14. til 18. október.

Víða voru auka mætingastig í boði fyrir ungmenni sem mættu með foreldra í sína félagsmiðstöð og kynntu fyrir þeim starfið. Dagskrá var með ýmsu sniði, bæði sérstakar upptökur í tilefni dagsins og hefðbundið félagsmiðstöðvatarf. Sérstakur félagsmiðstöðvadaur hefur verið haldinn hátíðlegur á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2005. Slagorð vikunnar í ár er „Samvera er ein besta forvörnin“.



Frá Félagsmiðstöðvadaurinum í október.

Stytting vinnuvikunnar jók álag á leikskólafólk

Styttingu vinnuvikunnar var fagnað á sínum tíma því með henni styttist vinnutími og almenn starfsánægja jókst. Á hinn bóginn hefur stytting vinnutímans valdið auknu álagi á sumar stéttir. Síðan hún tók gildi í leikskólum hefur álag á starfsfólk aukist sem þó var mikið fyrir. Vinnutímastyttingin bættist ofna á þá manneklu og langtímaeikindi sem lengi hefur hrjáð starfsemi leikskólanna í Reykjavík.

Mikið ósamræmi er milli leikskóla hvernig styttingin er útfærð, sem hefur skapað óöryggi og jafnvel valdið úlfúð. Sums staðar eru um tvenns konar útfærslu að ræða á vinnutímastyttingu á sama leikskóla, annars vegar hjá faglærðum leikskólakennurum og hins vegar hjá ófaglærðu starfsfólki. Á sumum vinnustöðum þarf starfsfólk að taka af styttingunni sinni ef það þarf t.d. að fara til læknis. Óánægju veldur



Leikskólinn Bakkaborg í Breiðholti.

þegar sömu reglur gilda ekki fyrir alla á sama vinnustaðnum. Finna þarf leiðir til að auka samræmingu. Meirihluti borgarstjórnar ítrekaði strax í upphafi að stytting vinnuvikunnar mætti ekki kosta borgarsjóð neitt. Það var fráleitt og fullkomlega óraunhæft eins og komið

hefur á daginn, segir Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi sem hefur óskað upplýsinga um kostnað en ekki fengið svör frá mannauðs- og starfsumhverfissviði um kostnað við að bæta í mönnunargöt í dagvinnu.

FB

Tónlist í umönnun - DaDom



Læra að nota tónlist á hverjum degi í umönnun aldraðra og heilabilaðra.

Nemendur og kennarar af sjúkraliðbraut FB eru þátttakendur í alþjóðlegu Erasmusverkefni sem nefnist 'Dadom' eða Daily Dose of Music.

Þetta er samvinnuverkefni með nemendum og kennurum frá Hollandi og Litháen sem snýr að því að nota tónlist á hverjum degi í umönnun aldraðra og heilabilaðra. Í september hittist hópurinn í Litháen þar sem

var haldin alþjóðleg ráðstefna í tengslum við verkefnið og nemendur og kennarar frá FB héldu erindi um hvernig þekkingin á notkun tónlistar við umönnun heilabilaðra er nýtt í kennslu á sjúkraliðbraut.



Nemendur taka við styrknum í Höfða.

Nemendur FB fá styrk úr loftslagssjóði

Nemendur í hönnun, nýsköpun og frumkvöðlafræði fengu afhendan styrk úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík þann 30. september sl. Markmið verkefnisins er að vekja ungt fólk til vitundar um textílsóun á útihátíðum og benda á hringrásarhugsun með því að sýna fram á nýsköpun úr notuðum tþöldum.

Verkefnið fær einnig styrk frá Sorpu sem útvegar notuð tþöld og afrakstur þess verður til sýnis á samsýningu framhaldsskólanna í Ráðhúsinu í lok nóvember. Þau Helen Giang, Hilmir Steinn og Nehimiya veittu styrknum viðtöku fyrir hönd hópsins við hátíðlega athöfn í Höfða en kennari þeirra er Soffía Margrét Magnúsdóttir.

Myglan er verulegt vandamál Allt rifið úr Hálsaskógi

Allt verður rifið út úr leikskól- anum Hálsaskógi í Seljahverfi og verður ekkert látið standa eftir nema steiptir útveggirnir. Þetta er niðurstaða greiningar- og undirbúningsvinnu og kemur fram í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Morgunblaðsins.



Hálsaskógur er illa farinn að mygluskemmdum.

Leikskólanum var lokað vegna myglu í upphafi árs 2023 og starfsemi komið fyrir tímabundið annars staðar. Ráðgjafar og hönnuðir eru Arkþing Nordic, Tensio, Varmboði, VSÓ Ráðgjöf og Mannvit/Cowi. Samið hefur verið við verktakann K16 ehf. og er tilboðsverðið tæpar 390 milljónir. Ofan á það leggst kostnaður vegna hönnunar og eftirlits, búnaðarkaup og svo eigin vinna Reykjavíkurborgar. Kostnaðaráætlun er 550 milljónir króna og almennt

er kostnaður vegna myglu í skólum og leikskólum sem verst eru farnir á bilinu 1,14 til 1,47 milljónir á fermetra. Ekki eru allir leikskólur í jafn

slæmu ástandi, sem kallar því síður á heildarendurgerð.

Nýir klúbbar í Bakkaseli



Frá frístundstarfinu í Bakkaseli.



Starfið á frístundaheimilinu Bakkaseli er nú óðum að komast í fastar skorður. Klúbbastarfið fer vel af stað. Hárgreiðsluklúbbur er einn af þeim vinsælustu og byggingaklúbbur, þar sem börnin keppast um að byggja sem stærstar og flottastar byggingar hefur vakið mikla lukku.

Á næstunni munum við byrja með nýja klúbba og má þar nefna vísindaklúbb, Legoklúbb og Vinaklúbb, auk barnaráðs, þar sem börnin geta haft bein áhrif á dagskrá, matseðil og fleira.

Á döfinni fram að jólum eru einnig nokkur sameiginleg verkefni frí-

stunda-heimilanna í Breiðholti. Ber þar helst að telja Barnablað Miðbergs, sem mun koma út einu sinni í mánuði og sent verður á foreldra og dreift á frístundaheimilunum. Í nóvember er fyrirhuguð leiksýning, þar sem börn í 1. og 2. bekk setja upp hið sívinsæla ævintýri um Benedikt búálf.

REYKJAVÍKURBÓN


FIMM STJÖRNU EINKUNN



STEKKJARBAKKI 4 - 6 • 109 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com



Ein þekktasta bók veraldar, Animal Farm, hefur nú verið endursögð.

74 blaðsíðna myndabók sem fangar ádeiluna vel.

Þetta rit á mikið erindi inn í umræðu í dag þar sem illa er farið með vald og valdaklíkur skammta sér ríflega.



LJÓSAÐÍÓÐU-KROSSAR Á LEIÐI
Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS Ljósasmiðjan ehf.
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Sími: 554 0661 / 897 4996




Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Við eigum frábært úrval af fallegum kjólum



Við erum flutt á Dalveg 30 - 201 Kópavogi

belladonna

sími 517 6460 • www.belladonna.is

Toppstöðin verður miðstöð útivistar og jaðaríþrotta

Fimm tilboð bárust í Toppstöðin, Rafstöðvarvegi 4, dem var auglýst til sölu í byrjun júní. Borgarráð hefur nú sáðuð að ganga til samninga viðræðna við hæstbjóðanda, Hilmar Ingimundarson fyrir hönd óstofnaðs félags, UUT. Næst hæsta tilboðið í húsnæðið átti Landsvirkjun, 300.000.000 krónur, en tilboð Landsvirkjunar upp á 725.000.000 krónur innihélt einnig tilboð í byggingarrétt og gatnagerðargjöld á sér lóð.

Tilboðin voru metin á grundvelli verðs annars vegar, sem taldi til 75 stiga og hins vegar á grundvelli fyrirfram skilgreindra matsþátta sem töldu til 25 stiga. Tillaga UUT hlaut flest stig samkvæmt mati matsnefndar og er meðal annars talin falla vel að hugmyndum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, hönnun, kolfnislausun og önnur umhverfissjónarmið. Samkvæmt tillögunni verður húsnæðið gert hæft fyrir útleigu og reist þar miðstöð útivistar sem hýst getur jaðargreinar íþrotta og aðra starfsemi sem stutt getur við eflingu útivistar og tómsunda í Elliðaárdal. Er áætlaður byggingartími frá undirritun samnings og afhendingu þrjú ár.



Toppstöðin í Elliðaárdal.

Tilboð Reykjavík Development ehf. talið hagstæðast

Loks voru í júní auglýst til sölu 125 bílastæði í bílastæðakjallara Hörpu og heimilaði borgarráð í dag að gengið yrði frá kaupsamningi við hæstbjóðanda, Reykjavík Development ehf. Við sölu var viðhaft tveggja þrepa kerfi og bárust

fimm tilboð á þrepi eitt en tvö á þrepi tvö. Kaldalón hf. bauð 750.000.000 krónur og Reykjavík Development ehf. 752.500.000 krónur. Eftir yfirferð tilboða er talið að tilboð Reykjavík Development ehf. sé hagstæðara hvað varðar fyrirvara í tilboði, greiðslutíðgun og fjárhæð. Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar.

Tala íslensku við börn af erlendum uppruna ... segir Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi

Of margir grípa ósjálfrátt og án mikillar hugsunar til ensku þegar talað er við fólk af erlendum uppruna sem sest hefur hér að. Þar með er þjálfun viðmælandans í íslensku varpað fyrir róða. Þótt fólk eigi erfitt með að tjá sig á íslensku getur það í mörgum tilfellum skilið íslensku. Það kann að vera að margir séu ragir, finnist málið flókið eins og ókunn tungumál eru iðulega.

Of margir grípa ósjálfrátt og án mikillar hugsunar til ensku þegar talað er við fólk af erlendum uppruna sem sest hefur hér að. Þar með er þjálfun viðmælandans í íslensku varpað fyrir róða. Þótt fólk eigi erfitt með að tjá sig á íslensku getur það í mörgum tilfellum skilið íslensku. Það kann að vera að margir séu ragir, finnist málið

flókið eins og ókunn tungumál eru iðulega.

En yfir þessa hindrun er hægt að komast, segir Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi. Í Reykjavík og eru nú rúmlega 20% af íbúum af erlendum uppruna og fjölgi stöðugt. Þörf er á að aðstoða þá sem ætla að búa hér til langframa við að skilja og tala íslensku svo þeir geti aðlagast sem best íslensku samfélagi. Íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er lykkillinn að farsæld og framgangi þeirra í þjóðfélaginu.

Kolbrún segir að fjölyngd leikskólábörn í Reykjavík séu rúm 32% og grunnskólanemendur í Reykjavík rúm 20%. Íslenskar rannsóknir sýni að mörg börn af erlendum uppruna sem ekki ná fljótt góðum tókum



Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi.

á íslenskunni eru líklegri til að verða jaðarsett og eiga takmarkaða möguleika á framhaldsnámi. Hæsta hlutfall brottfalls úr framhaldsskóla er í þessum hópi. Það skiptir miklu máli að við tölum íslensku við börnin til að þau geti tileinkað sér málið sem allra fyrst.

Sorgarstaða í leikskólanum okkar Sex rúður brotnar í Ösp

Undanfarið hafa óþekktir skemmdarvargar herjað á leikskólann Ösp, við Iðufell í Breiðholti, og brotið þar rúður. Leikskólinn birti tilkynningu um þetta í íbúahópi á Facebook í gær, þar sem segir:

Undanfarið hafa einhverjir komið á kvöldin og brotið rúður í leikskólanum Ösp, núna síðast í gærkvöldi. Við viljum biðja um hjálp ykkar. Ef þið verðið vör við eitthvað þá endilega hafið samband við lögregluna eða stjórnendur í leikskólanum. Þetta er mjög alvarlegt mál sem veldur miklu tjóni í leikskólanum og er stórhættulegt börnunum okkar.

Með fyrirfram þökk Stjórnendur í leikskólanum Ösp"

Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, sagði meðal annars í viðtali við DV að



Leikskólinn Ösp.

unnið sé að því að efla öryggiskerfi við skólann. Auka eigi við það því það sé ekki nógu gott. Samtals hafi sex rúður verið brotnar. Skemmdarverkin eigi sér alltaf stað að kvöldlagi. Lögregla

tekur þetta mál mjög alvarlega og málið komið á hennar borð þótt engar vísbendingar ligg ifyrir. Engar öryggismyndavélar eru á staðnum.

REYKJAVÍK SUÐUR



1. Snorri
Másson



2. Þorsteinn
Sæmundsson



3. Fjóla Hrund
Björnsdóttir



4. Hilmar Garðars
Þorsteinsson



5. Danith
Chan



MÍÐFLOKKURINN

ÁFRAM ÍSLAND
MÍÐFLOKKURINN



PALLI VAR EINN Í HEIMINUM



SÝNINGAR Í HÖRPU



Þankar Jónu Rúnu



Hið góða og illa

Það er ýmislegt og margt margflókið í íslenskri náttúru sem minnr okkur á að við búum á eldfjallaeyju. Framhjá því verður ekki litið. Í gegnum aldirnar hefur gengið á ýmsum hræringum og hafa bæði lítil og stór eldgos sett kirfilegan svip á lífsgöngu þjóðfélags okkar og oft haft varanleg áhrif á ævi sumra einstaklinga. Gangur lífssögunnar eru margslunginn og misjafnt er magn hins góða og slæma sem okkur er ætlað að takast á við. Ég held því að það sé nokkuð klókt að reyna að haga lífi sínu þannig að maður geti verið stoltur af því hvernig maður hefur tekist á við þær áskoranir sem eru lagðar í lófa okkar. Það er mikilvægt að við venjum okkur á að koma vel fram við okkur sjálf og aðra. Ekki biða eftir að einhverjar hryllilegar náttúruhamfarir eða aðrar hörmungar eigi sér stað. Reynum strax að hugsa hvernig við getum komið vel fram við hvert annað og allt samferðafólk okkar í lífinu. Lífið er stutt og flókið og það er svo miklu auðveldara ef að við kunnum að elska okkur sjálf og aðra á kærleiksrikan hátt, án hroka, frekju, lymsku, tilætlunarsemi eða einhvers í þeim neikvæða dúr. Við getum aldrei gert ráð fyrir því að ævin sé það löng. Við verðum því að verja henni vel með því að upphæfa hið góða og stíga á hið illa. Það getur auðvitað verið erfitt þegar stríð geysa víðsvegar og eru flutt heim í stofu til okkar í gegnum fréttamiðla. Það getur brotið mann niður að sjá hvað mannkynið virðist lítið hafa lært af reynslu fortíðar. Sömu mistök illsku og mannvonsku eru endurtekin hvað eftir annað. Við verðum öll að taka skýra afstöðu í málefnum heimsins, því þótt við séum landfræðilega séð einangrað land, þá eru við partur af alþjóðasamfélaginu og hlekkur í keðju þess.

Félagsskapur í skammdeginu

Veturinn er nú hafinn og aðeins farinn að bita í nefið á okkur en Íslendingar láta slíkt ekki stöðva sig og eru flestir duglegir við að finna sér eitthvað til skemmtunar og dundurs, líka í snjó og kulda. Það er alls konar félagslíf sem freistar okkar enda er maður manns gaman og afar mikilvægt að einangrast ekki félagslega. Hér í gamla daga voru sveitaböllin vinsæl og menn lögðu á sig töluvert löng ferðalög til að mæta á slíka viðburði, fá sér í tanna og snúast um á dansgólfinu. Það var langt tímabil í okkar sögu þar sem dansinn var stór þáttur í skemmtanameningunni. Það var enginn maður með mönnum nema hann kynni helstu danssporin og oft voru sveiflurnar á dansgólfinu rosalegar. Ég held að því miður hafi þetta gjörbreyst og fátt ungt fólk í dag sem kann einhver lærd dansspor sem brúkuð eru á djamminu. Það voru víst ófá hjónaböndin sem áttu uppruna sinn á dansgólfinu á annað hvort sveitaböllum eða bara á Þórskaffi hérna í den. Það er



synd að þessi skemmtilega danshefð hafi runnið sitt skeið en ekki haldist við.

Geðheilsan og léttlyndi

En það er ekki bara mikilvægt að hitta mann og annan til að halda geðheilsunni í skammdegi vetrarins. Það er líka mikilvægt að kunna að vera einn með sjálfum sér. Það er mjög fallegur ávani að þjalfa sig í því að sjá fegurðina í því litla í tilverunni. Eins og til dæmis húsflugu sem er að þvælast inn í eldhúsglugga þótt hennar líkir séu allir á bak á burt. Ég er alin upp af móður minni sem var algjört góðmenni og elskaði allar lifandi verur, sérstaklega lítil börn, plöntur og dýr. Hún kallaði svona „gluggagesti“ eins og húsflugur, vinkonur sínar og harðbannaði að þeim yrði gert mein. Þess vegna var þessari tilteknu húsflugu þyrmt og hún lést af náttúrulegum orsökum í gluggakistunni hjá mér. Mamma kenndi mér að kunna að meta lífið og hún komst í gegnum ótrúlegt mótlæti og virkilega erfða ævi með léttlyndi og húmorinn að vopni. Eins held ég að handavinnan hennar hafi spilað mikilvægt hlutverk í daglegu lífi hennar og verndað geðheilsuna. Við þurfum öll að finna okkar leið til þess að finna innri frið og vellíðan. Ég minnst þess til dæmis með ánægju og vellíðan þegar ég var að selja egg að austan, beint frá býli, og gekk húsi úr húsi með varninginn. Svo kom maður heim með áunninn pening, alsæll að geta gefið mömmu aurana, því fátæktin var mikil. Svo minnst ég þess líka að hafa borið út blöð árum saman að næturlagi. Þá var allt svo kyrrt og rólegt, eiginlega fullkomið andartak til þess að íhuga lífið og tilveruna á sama tíma og maður dreifði blöðunum. Reynum að lifa í núinu því það er það eina sem við getum tekið sem gefnu.

Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA
- SAMNINGAR
VIÐ ÖLL HELSTU
BÍLAUMBOD

**Smurstöðin
KLÖPP**

Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

*Drottinn í dýrð, er nær dagur vinu nú fundinn.
Kærleikur, kominn tær kvölsár þínu er stundin.
Engilbrá, sorgartár grær sálrós harmbáls fundin.
Ljóslogi í töfraröða bær líkn rósinn, náðarstundin*



*Far í lokaferðina löngu flýgur í englafang í ljós.
Í sorgarnauð sáralöngu stundi, dáið í lifljósi rós.
Sorgar stríð á vingöngu skjálftaveröld eilífðaljós
Frjáls ferð á englagöngu farin af jörð nú Guðsrós.*

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur telur vináttu mikilvæga.“ JRK



VINSAELT Á MATSEÐLI



Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★

Við erum hér!



Kjúklingur



Nr. 26

Platinum borgari með krispy bringu, kartöfluskífu, káli, papriku, pipar-majó og frönskum



Nr. 28


Hálfur kjúklingur með frönskum og brúnni sósu



Ljúffengt með Lindu



Framleitt af Góu





Súkkulaðipizza

Innihald

• 450 g pizza deig, eða keypt pizza deig

Pizzadeig:

- 120 ml volgt vatn
- 2 teskeiðar þurrger
- 240 g brauðhveiti
- 1 teskeið salt
- 3 matskeiðar ólífuolía

Álegg:

- 2 teskeiðar bráðið smjör
- 60 g Nutella
- 80 g Lindu suðusúkkulaði niður brytjað
- 2 matskeiðar Lindu mjólkursúkkulaðibitar
- 2 matskeiðar Lindu Lindor hvítt súkkulaðibitar
- 2 matskeiðar saxaðar ristaðar heslihnetur

Uppskrift:

Pizzadeig:

Blandið vatni og geri í litla skál. Leyfið að standa í 5 mínútur.

Hellið hveiti og salti í matvinnsluvél eða hrærvél og blandið saman. Bætið olíunni við. Á meðan vélin er í gangi bætið gerinu og vatninu við. Hrærið þar til blandan breytist í deig.

Dreifjið smá hveit á borð og hellið deigi úr vélinni. Hnóðið deigið þar til yfirborðið á deiginu verður slétt, tekur um eina mínútu. Penslið stóra skál með smá olíu. Geymið deigið í skálinni.

Lokið skálinni með plastfilmu og leyfið deiginu af hefast þar til það tvöfaldast í stærð, tekur um klukkustund. Kylið loftið úr deiginu og mótið það í kúlu. Deigið er tilbúið til bökunar en getur verið geymt í ísskáp í 1 sólarhring.

Súkkulaði Pizza:

Færið ofngrið í neðstu stillingu og forhitið ofninn í 230°C

Þekjið stóra bökunarplötu með bökunarappír. Teigið eða rúllið deigið út í 9 tommu pizzu. Flytjið deigið ofan á bökunarappírinn.

Þrýstið fingrum varlega í deigið til að búa til litlar holur. Penslið deig með smjöri og bakið þar til kanturinn er stökur og gylltur á lit, tekur um 20 mínútur.

Takið pizzu úr ofninu og smyrjið Nutella ofan á. Dreifið súkkulaðibitum yfir alla pizzuna. Bakið aftur þar til súkkulaðið byrjar að bráðna, um eina mínútu í viðbót. Takið pizzuna úr ofninum. Dreifið heslihnetum yfir. Skerið í sneiðar.

Tyggjó, rúsinu og hnetusmákökur

Innihaldsefni ;

- 1 bolli ósaltað smjör, mjúkt
- 1 bolli sykurl
- 1 bolli púðursykurl
- 2 stór egg
- 1 teskeið vanilludropar
- 2 1/2 bolli hveiti
- 1 teskeið matarsódi
- 1/2 teskeið salt
- 1 bolli niðurskorinn koktelber rauð/græn eða sykrud kokteilber frá Ötker
- 1 bolli niðurskornar hnetur (pekanhnetur eða valhnetur)
- 1 bolli saxaðar súkkulaði Góu rúsinur
- dökka eða ljósar, saxaðar gróflaga
- 1/2 teskeið kanill
- 1/4 teskeið múska

Leiðbeiningar:

Hitið ofn í 350°F (175°C). Linubökunarplötur með parkmentpappír. Hrærið saman smjörið, sykurl og brún-sykurl þar til létt og ljóst Berjið í egginn eitt í einu, hrærið svo í vanilludropum Blandið saman í skál, hveiti, matarsóda og salti. Blandið smám saman í smjör-blönduna blönduna. Hrærið út í koktelberjum, hnetunum,

rúsinum, kanil og múska

Setjið deig með 2 matskeiðum á tilbúnu bökunarplötunum. (frekar stórar)

Bakið í 10-12 mínútur, eða þar til brúnir eru létt brúnaðar. Leyfið smákökum að kólna á bökunarplötunum í nokkrar mínútur áður en farið er yfir í virrekka til að kólna alveg.

Undirbúningstími: 20 mínútur | Eldunartími: 12 mínútur | Heildartími: 32 mínútur

Súkkulaðibitakökur hans Sigga koks

- 200 g smjör
- 200 g sykurl
- 200 g púðursykurl
- 2 egg
- 400 g hveiti
- 400 súkkulaði gróf niðurbrytjað
- 2 tsk matarsódi
- 1/2 tsk salt

Leiðbeiningar

Takið smjör og egg úr kæli svo það sé við stofuhita. Hrærið saman smjöri, sykri, púðursykri, bætið svo eggjum einu í senn og hrærið vel á milli. Blandið að lokum þurrefnunum. Mótið litlar kökur á bökunarplötu með fingrunum, gott era þ hafa volgt vatn í skál við hendina til að bleyta fingurna. Bakið við 180°C í 5-6 mínútur.

Frönsk súkkulaðikaka með Góu filakúlum

- 200 g Lindu suðusúkkulaði
- 300 g smjör
- Brætt saman

- 2 dl sykurl
- 4 egg
- Hrært saman

Þessu tvönnu blandað saman ásamt 1 dl hveiti

Bakað við 170°C í 35 mínútur í hring-laga eldföstu móti

Krem:

2 poka Góu filakúlur
Tæplega 1. dl. Rjómi
Brætt saman og kælt áður en sett yfir kökuna

Jólanammi

Súkkulaðitoppar

- 125 g smjör
- 175 g flórsykurl
- 1 1/2 msk koniak
- 250 g Lindu suðusúkkulaði brætt yfir vatnsbaði

Leiðbeiningar:

Hrærið smjörið þar til það verður létt og ljóst og bætið þá flórsykrunum og koniakinu út í. Látið súkkulaðið kólna ögn áður en þið blandið því saman við smjörhræruna. Setjið hræruna í sprautupoka og sprautið í lítil pappamót eða á plötu klædda smjörpappír. Kælið.

Rommkonfekt

- 110 g suðusúkkulaði
- 110 g smjör
- 300 g flórsykurl
- Romm eftir smekk

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og blandið smjörunu út í. Hrærið flórsykrunum og romminu saman við.

Mótið litlar kúlur og veltið þeim upp úr súkkulaðikurli. góð hugmynd að velja kúlunum upp úr Góu Hrauni ljósu eða dökku. Geymið í kæli.

Kókoskúlur

75 g smjör 1. dl sykurl 1. msk vanillu-sykurl 3. dl haframjól 175 g Lindu suðusúkkulaði brætt yfir vatnsbaði 2 msk mjólk 1 dl kókosmjól Hrærið saman smjöri, sykri, vanillu-sykri, súkkulaði, haframjöli og mjól. Mótið kúlur eða sívala bita og veltið upp úr kókosmjóli. Kælið

Jarðarberjajógúrt möffins með smjörkremi

9 1/2 dl hveiti 4,5 dl sykurl 100 g súkkulaðispænnir 1/2 tsk. salt 1 tsk. lyftiduft 220 grömm smjör 3 egg 2 x jarðarberjajógúrt (Óskajógúrt) Hitið ofninn í 180° C og blástur Byrjið að þeyta saman smjöri og sykri þegar að blandan er orðin létt og ljós skal bæta eggjum við Að því loknu skal blanda þurrefnunum, jógúrtinni, vanilludropum og súkkulaðispæni við. Sett í form og bakað í 15-20 mínútur.

Smjörkrem:

Til að gera kökurnar extra skemmtilegar:

- 250 gr smjör við stofuhita
- 500 gr flórsykurl
- 1-2 tsk vanilludropar
- 1-2 msk mjólk (má sleppa)

Þeytið smjörið þar til að það verður ljóst Bætið flórsykri við í skömmtum Bætið vanilludropum við og smakkið til Mjólk ef kremið er of þurt

Fleiri uppskriftir finna í nóvemberblöðum undafarinna ára á vefnum okkar hverfablad.is



KLASSÍSKAR MEÐ KAFFINU

GÓÐGÆTI FRÁ GÓU



MEIRI ÁRANGUR FYRIR OKKUR ÖLL

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR



1. GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



2. DILLJÁ MIST EINARSDÓTTIR



3. BRYNJAR NÍELSSON

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR



1. ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR



2. HILDUR SVERRISDÓTTIR



3. JÓN PÉTUR ZIMSEN



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í REYKJAVÍK



SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Tímarpantanir fyrir herraklippingar eru óparfar!

greiðan

HÁRSNYRTISTOFA

Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

GRETTIR

VATNSKASSAR

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

BÍLARÉTTINGAR

SÆVAR

Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is

Bilakompaní

Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

Það er nóg pláss fyrir öll

Við erum allskonar og sem betur fer. Það væri nú lítið gaman ef við værum öll eins. Borgin okkar hefur þróast mikið og er í dag orðin fjölmenninborg. Um alla tuttugustu öldina flutti fólk úr dreifbýli til borgarinnar. Þetta voru miklir uppbyggingartíma og stækkaði borgin og dafnaði. Enn heldur borgin áfram að stækka. Hægt hefur á flutning úr dreifbýli í þéttbýli en flutningar á milli landa hins vegar aukist. Árið 2013 bjuggu rúmlega 13.000 innflytjendur í Reykjavík en á síðasta ári 2023 voru hér 35.000 innflytjendur og langflest fá Póllandi. Í upphafi skólaárs 2022 voru 21% barna með annað móðurmál en íslensku og um 33% leikskólubarna.

Mér finnst afar mikilvægt að nú sem áður bjóðum við nýja Reykvikinga velkomna og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að öllum líði hér vel og finni sér stað. Borgin er sameiginlega okkar allra.

Hvað höfum við gert?

Á undanförunum árum hefur borgin farið í mikla stefnumótun í málefnum innflytjenda sem hefur skilað sér í fjölþættri þjónustu og verkefnum, þrátt fyrir að Reykjavík fái engar greiðslur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem öll önnur sveitarfélög fá til að mæta þjónustu við börn af erlendum uppruna.

- Á hverju ári er íslenskunnáttu barna mæld með Milli Mála könnunarprófinu og í kjölfarið er stuðningur metin. Borgin rekur fjögur íslenskuver þar sem starfið miðar að því að undirbúa börn betur undir þátttöku í íslensku skólalastarfi.

- Velkomin í hverfið þitt hófst árið 2018 í öllum hverfum borgarinnar en verkefnum er ætlað að taka heildrænt á móti nýjum fjölskyldum sem flytja til landsins.

- Miðja máls og læsis var sett á laggirnar árið 2016, sem styður við starfsfólk í skólum og leikskólum sem sinna menntun fjölyngdra barna og foreldra þeirra.

- Stuðningur við samtökin Móðurmál er okkur mikils virði og hefur borgin stutt við þeirra góða starf með því að veita afnot af skólahúsnæði þar sem börn fá kennslu á sínu móðurmáli.

- Sammála, er eitt af okkar nýrri verkefnum þar sem börn með íslensku að móðurmáli hitta börn sem eru að læra íslensku. Markmiðið er að auka íslensku í málumhverfi barnanna samhliða því að eignast nýja vini.

- Fristundalæsi miðar einnig að því að efla mál og læsi hjá börnum á yngsta stigi grunnskólans og vinna með læsi í viðum skilningi, til dæmis með félagslæsi og heilsulæsi.

- Frá árinu 2017 hefur gjaldfrjálst frístund staðið til boða fyrir börn fyrstu 12 mánuði búsetu á landinu.

Mikill fjöldi starfsmanna borgarinnar eru af erlendu bergi brotin og er borgin með samning við fimm tungumálaskóla sem allir koma og kenna okkar starfsfólki í húsnæði borgarinnar. Notast er við appið Bara tala sem er afar vinsælt. Um 400 af 1500 starfsmönnum af erlendum uppruna eru nú í skipulögðu íslenskunámi.

Ofangreint er engan veginn tæmandi listi og fjölmörg önnur verkefni í boði og hefur starfsfólk borgarinnar verið ómetanlegt með sínum mikla áhuga og því frábæra starfi sem unnið er út um alla borg.

Það er staðreynd að stefnumótun undanfarna ára hefur skilað tugum verkefna inn í kerfið okkar með mikla áherslu á færni fólks í íslensku. En betur má ef duga skal. Þess vegna höfum við sett af stað vinnu við heildstæða fjölmenninastefnu sem mun taka á þjónustu við málefni innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Ný stefna mun líta dagsins ljós á komandi mánuðum. Áhersla verður lögð á inngildinguna inn í íslenskt menningarsamfélag, jafnrétti og virka þátttöku. Mér legg mikla áherslu á



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

að fjölmenninborgin vaxi og dafni og ég bind miklar vonir við að vinnan sem er framundan skili okkur metnaðarfullri stefnu og áherslum.

Fjárfesting en ekki kostnaður

Stóryrði um kostnað samfélagsins við nýja íbúa er gjarnan mjög ýkt og pólariseruð.

Innflytjendur eru upp til hópa alveg frábært fólk. Fólk sem hefur bjargir og getu til að fara af stað. Fólk sem treystir sér til að aðlagast nýjum tungumálum, siðum og venjum. Og fólk sem er að langstærstum hluta á vinnumarkaði. Þessu fólk eignum við að taka opnum örmum því í þeirra löngun til að verða partur af íslenskri þjóð felst okkar framtíð rauður. Okkar besta tæki er að opna fyrir innflytjendum dyr að íslensku samfélagi. Ekki síst með því að gefa því aðgang að tungumálinu okkar.

Til að samfélagið sé öllum opið, þurfum við að auka samskipti milli ólíkra mál- og menningarhópa, brjóta við niður fordóma og koma í veg fyrir árekstra. Ég trú því að fjölbreytileiki og mannréttindi hafa mikið að segja við þróun borgar og þess vegna opnum við faðminn með samstöðu og mildi. Það er sannarlega pláss fyrir okkur öll í höfuðborginni Reykjavík.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík



Loftgæði eru lífsgæði

Reykjavíkurborg hefur sett sér metnaðarfull markmið til næstu ára um að bæta loftgæði í borginni og vill hvetja íbúa til að taka þátt í þeirri vegferð. Eitt af fyrstu og mikilvægustu skrefunum er að draga verulega úr notkun nagladekkja, sem spilar stóran þátt í slæmum loftgæðum, sérstaklega yfir vetrartímann. Nú á næstu vikum flykkjast borgarbúar með bíla sína á dekkjaverkstæði til að undirbúa sig fyrir veturinn, en mikilvægt er að vanda valið á dekkjum.

Slæm áhrif nagladekkja á loftgæði

Nagladekk, sem eru algeng yfir vetrarmánuðina, valda miklu sliti á malbiki sem leiðir til losunar svifryks í andrúmsloftið. Svifryk, finar agnir sem myndast við slíkt slit, hafa bein áhrif á loftgæði og heilsu borgarbúa, sérstaklega þeirra sem þjást af öndunarfæra-

sjúkdómum. Á undanförunum árum hefur bílum á götum borgarinnar fjölgað og loftgæði í Reykjavík versnað umtalsvert þegar notkun nagladekkja er mest, og því er mikilvægt að leita lausna.

Vissir þú að naglar hjálpa ekki í snjó?

Á undanförunum árum hafa orðið miklar framfarir í dekkjaframleiðslu og þá sérstaklega á vetrardekkjum án nagla. Naglar í dekkjum hjálpa ekki til við akstur í snjó heldur aðeins við ákveðin skilyrði við ísingu á götum. Utan við svifryksmyndun og slæm loftgæði, valda nagladekk miklu sliti á götum sem eykur viðhald og kostnað. Dekkin stórauka umferðarhávaða og auka þannig ónæði fyrir íbúa. Þá eyða bílar á nagladekkjum meira eldsneyti. Þess vegna mælir Reykjavíkurborg

frekar með góðum ónegldum dekkjum undir borgarbilinn.

Aðrar aðgerðir til að bæta loftgæði

Hlutfall nagladekkja á götum borgarinnar spilar stóran þátt í slæmum loftgæðum. Hins vegar hefur Reykjavíkurborg innleitt fjölmargar aðrar aðgerðir til að ná fram markmiðum sínum um betri loftgæði, t.d. aðgerðir til að minnka útblástur, auknir innviðir fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur, uppsetningu loftgæðamæla o.fl.

Markmið Reykjavíkurborgar er að fækka nagladekkjum í umferðinni og bæta loftgæði til frambúðar með fjölbreyttum aðgerðum. Með þátttöku íbúa vonast borgin til að skapa hreinna og heilnæmara umhverfi fyrir öll. Gerum þetta saman – loftgæði eru lífsgæði!



Séð yfir svæði í Norðurmjódd sem ætlunin er að endurbýggja. Eins og sést á myndinni er um fremur sundurlausa byggð að ræða, sérhæfðar skemmur og umtalsvert rými er undir bílastæði.

Undirbúningur að íbúðahverfi í Norðurmjódd

Nú líður að því að hafist verði handa um uppbyggingu íbúðahverfis í Norður Mjódd í Breiðholti. Íbúðahverfið mun leysa af byggð sem einkum hefur hýst viðskiptaumhverfi. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 28. júní 2023 var lögð fram Málið má rekja til skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Norður Mjóddar fyrir lóðirnar Stekkjarbakka 4 til 6 og Álfabakka 7 frá 3023.

Samþykkt var að kynna lýsinguna fyrir almenningi ásamt því að leita umsagnar hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Verkefnastofu Borgarlínu, Betri Samgangna, Strætó bs., Veitum ohf., Minjastofnun Íslands, Íbúaráði, íbúasamtökum í Breiðholti, slökk-

viliði höfuðborgarsvæðisins, samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogsbæ og eftirtöldum deildum, skrifstofum og sviðum Reykjavíkurborgar; skrifstofu framkvæmda og viðhalds, samgöngu- og borgarhönnunardeild, skrifstofu reksturs og umhirðu, skrifstofu umhverfsgæða, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði. Ekki verður um stækkun lóða að ræða en lóðamörk geta tekið breytingum. Lóðarhafi í Norður Mjódd er Klasi fasteignapróunrfélag. Eigendur Klasa eru Hagar hf., Regin hf. og KLS eignarhaldsfélag ehf.

Fjögurra til sjö hæða byggingar

Samkvæmt skipulagshugmyndum

verður lögð áhersla á blandaða byggð á fyrrgreindum lóðum. Þar er gert ráð fyrir íbúðum matöruverlun auk fleiri innviða. Fyrir liggur að öll starfsemi Garðheima verður flutt yfir í Suður Mjódd þar sem framkvæmdir eru við að hefjast. Auk þess verða núverandi byggingar sem tengjast meðal annars olíusölu og annarri verslunarstarfsemi fjarlægðar. Á heimasíðu Klasa segir að þróunarsvæðið sé við borgarlínu nálægt stofnbraut og þungamiðju höfuðborgarsvæðis. Sú staðsetning gefi mörg tækifæri til umbreytinga. Fjölbreyttir innviðir séu til staðar ásamt tengingu við útivistarsvæði Elliðaárdalsins. Samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar.

Við þurfum trausta efnahagsstjórn

Í komandi alþingiskosningum verður kosið um það hvort við viljum sérhagsmuni eða almannahagsmuni. Það verður kosið um trausta efnahagsstjórn eða áframhald á núverandi óstjórn í efnahagsmálum. Samfélagið þarfnast stórhuga stjórn mála þar sem tekin eru örugg skref í heilbrigðis- og öldrunarmálum, gerð krafa um árangur atvinnu- og samgöngumálum og lagt fram skýrt framkvæmdaplan í húsnæðis- og kjaramálum.

Þegar kemur að uppbyggingu húsnæðis þá þurfum við sem samfélag að byggja íbúðir því mikill skortur er á þeim. Á sama tíma er enn mikilvægara að uppbygging húsnæðis verði í sátt við nærumhverfi þar sem byggt er. Að það verði byggt hagstætt húsnæði sem mætir þörfum íbúa landsins, þar sem hluti fer í leigukerfið, hluti í almenna íbúðakerfið og hluti inn á eignamarkað. Það hefur reynst sveitarfélögum kostnaðarsamt að byggja upp nauðsynlega innviði nýrra hverfa. Ljóst er að uppbygging íbúðarhúsnæðis þarfnast aukins stuðnings frá hinu opinbera og þá sérstaklega við uppbyggingu innviða. Lægri vextir á Íslandi, sem fást með styrkri efnahagsstjórn, eru algjört forgangsmál. Þess vegna leggur Samfylkingin áherslu á að ríkið stígi inn og styðji við sveitarfélög við fjármögnun innviðauppbyggingar til dæmis með hagstæðum innviða-



Kristján Þórður Snæbjarnarson

lánnum og eftirgjöf á virðisaukaskatti við byggingu skóla og leikskóla.

Kæru íbúar, Skiptum um kúrs, byggjum samfélagið upp saman á réttum forsendum með virku samtali um málefni. Við sem þjóð eigum allt undir í þessum efnunum og getum náð miklum árangri saman.

Samfylkingin er tilbúin til verka!

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík suður

VERUM GÓÐ 
VIÐ HVORT ANNAÐ

PÍRATAR

KJÓSTU
ÖÐRUVÍSI



4. SÆTI
ALEXANDRA
REYKJAVÍK
NORÐUR



Enginn leikur án dómara!

-Nokkur orð um dómaramál og stórveldið Þrótt á árum áður



Bragi V. Bergmann

Knattspyrnufélagið Þróttur var sannkallað stórveldi í dómgæslunni á árum áður. Það skilaði hverjum dómaramálum á fætur öðrum inn í knattspyrnuheiminn áratugum saman. Sex heiðursmenn úr frækinni sveit Þróttara urðu alþjóðlegir dómara fyrir Íslands hönd; þeir Magnús Vignir Pétursson, Eysteinn B. Guðmundsson Grétar

Norðfjörð, Óli P. Olsen, Þorvarð Björnsson og seinna Garðar Örn Hinriksson. Aðrir landsþekktir dómara úr Þrótti voru m.a. Baldur Þórðarson, Halldór Backmann Hafliðason, Hjálmar Baldursson og Gunnar Ingvarsson. Segja má að Þróttur hafi nánast einokað FIFA-listann um langt árabil, með nokkrum eftirminnilegum undantekningum.

Undirritaður var í hópi þeirra „ungu og upprennandi“ knattspyrnudómara sem beið það erfiða hlutskipti að leysa þessa kappu af hólmi á knattspyrnuvöllinum. Ég mætti til leiks blautur á bak við eyrun en naut leiðsagnar gömlu meistaranna.

Fordómar í stúkunni

Ég rifja þetta upp hér, því allt of fá félög hafa tekið Þrótt sér til fyrirmyndar í dómaramálunum á seinni árum. Reglugerð KSÍ kveður á um að félögum sé skylt að leggja til dómara fyrir hvern flokk sem viðkomandi félag sendir til keppni. Ef KSÍ fylgdi þessu ákvæði fast eftir myndu nokkur félög þurfa að hverfa frá keppni því þau uppfylla ekki þetta ákvæði. Sem

betur fer eru þó nokkur félög með allt sitt á hreinu og leggja rækt við dómara starfið eins og aðra starfsemi í félagi sínu.

En hver er ástæðan fyrir því að ungt fólk veigrar sér við að leggja fyrir sig dómgæslu? Jú, allir þeir sem hafa sótt íþróttakappleiki á Íslandi vita svarið. Margir stuðningsmenn liða hafa þann ljóta ávana að kalla látlaust hrakyrði í garð dómara og aðstoðardómara inn á völlinn. Oft eru ummælin svo ljót og ósmekklegr að þau ættu með réttu að vera bönnuð þeim börnum og ungmennum sem fylgjast með leiknum. Sumir foreldrar ungra iðkenda gera sig seka um hið sama á leikjum yngri flokka. „Ungur nemur, gamall temur,“ segir máltækið og það eru orð að sönnu. Það mætti tala um fordóma í garð dómara í þessu sambandi, vegna þess að í langflestum tilvikum er dómari að dæma rétt en félagsblindugleraugun varna áhangandnum sýn.

Sleppum skítkastinu

Fótboltavertíðinni hér heima er um það bil að ljúka. Ég legg til að



Greinarhöfundur, Bragi V. Bergmann og FIFA-aðstoðardómaramir Gísli Björgvinsson (t.v.) og Sæmundur Víglundsson á Parken í Kaupmannahöfn, tilbúnir að dæma leik Danmerkur og Litháen í undankeppni HM 1993. Tæplega 50 þúsund áhorfendur, uppselt, og frábært andrúmsloft.

áhangendur allra liða ihugi orð mín og einsetji sér að mæta jákvæðari til leiks í garð dómara á næsta tímabili. Sérhverjum væri hollt að hugsa sem svo: „Myndi ég vilja að sonur minn eða dóttir mín, bróðir minn eða systir mín yrði fyrir slíku aðkasti úr stúkunni? Nei og aftur nei. Ég ætla að sleppa skítkastinu og hvetja bara liðið mitt til dáða.“

aldar ykkur til fyrirmyndar. Byggið upp öflugna sveit dómara og styðjið þétt við bakið á þeim. Staðreyndin er sú, þegar öllu er á botninn hvolft, að það fer enginn leikur fram án dómara. Fordómar og skítkast í þeirra garð er ljótur blettur á fagurri íþrótt og mun seint stuðla að nauðsynlegri nýliðun í hópi knattspyrnudómara.

Bragi V. Bergmann

Forsvarsmenn íþróttafélaga mættu líka huga enn betur að uppbyggingu dómaramála. Við þá segi ég: Takið Þrótt á síðustu áratugum liðinnar

Höfundur er fyrrum FIFA-dómari, sat í Dómaramálanefnd KSÍ um langt árabil, er eftirlitsmaður KSÍ og fagnaði 50 ára samfelldu starfi á sviði dómaramála fyrir KSÍ nú á haustdögum.




Magnús Óskarsson afhendir viðurkenningar til dómara félagsins. Frá vinstri Óli P. Olsen, Halldór Bachmann, Eysteinn B. Guðmundsson, Grétar Norðfjörð, Magnús V. Pétursson, Baldur Þórðarson, Þorvarður Björnsson.



Frá vígsluleiknum í Sæviðarsundi 1969. Grétar Norðfjörð, Maggi Pé og Baldur Þórðar.

ÞETTA ER ÞINN TÍMI!
NJÓTTU HVERRAR MÍNÚTU!



GILBERT
URSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Í góðum málum hjá

JB.málun

Vantar málara?
Ekkert mál.

Við komum og bjóðum í verkið
þér að kostnaðarlausu.

Jón. Sími: 6631343

Bjarki. Sími: 7758599

Málarameistari

jbmalun.is

jbmalun@gmail.com

jbmalun

Alpýðuhugrækt - Gjafir



Öll höfum við fengið gjafir á lífsleiðinni og þær hafa verið mismunandi hugþekkar og kærar. Ástæður þess að við gefum hvort öðru gjafir eru m.a. ýmis tímamót og ávinningar í lífi okkar og tilveru. Slíkar gjafir höfða til okkar flestra og þær undirstrika oftast en ekki væntumþykju gjafarans í okkar garð – sem gleður okkur. Á hinn bóginn eru þær gjafir sem gefnar eru í eiginhagsmunaskyni óæskilegar og rangar. Sama má segja þegar gjafir eru notaðar til þess að nálgast fólk án frambærilegra ástæðna og við treystum á gildi þeirra til þess að auðvelda okkur aðgang að viðkomandi. Slíkar gjafir þjóna neikærum tilgangi.

Það er ósiður að nota gjafir til að nálgast aðra ef sá einn er tilgangur þeirra. Eðlilegar tilfinningar í garð þiggjandans eru ekki ástæða slíkra gjafa. Þær eru einungis leið til að nálgast aðra manneskju án þess að þurfa að gefa nokkuð af sjálfum sér. Það er enginn vandi fyrir okkur að

vera rausnarleg og útausandi ef við eigum ótal aura því þá finnum við ekki fjárhagslega fyrir höfðingskapnum. Öllu átakameira og áhættusamara er að opna budduna og eyða í gjafir þegar við eigum minna en ekki neitt.

Gjafir eru afstæðar. Mikilvægt er að gefa af sjálfum sér og andlegar gjafir sem eru tilkomnar í gegnum ylríka og velviljaða nærveru eru mikilvægar og uppbyggilegar. Yfirleitt eru þær líka ókeypis og áreynslulausar, a.m.k. fyrir þau okkar sem vilja öðrum vel og meina það.

Best er að við venjum okkur á að gefa hvert öðru af innri auði. Eins er heppilegt að við ákveðum að nota ekki dauða hluti til að tengjast hvert öðru eða til að losna við að gefa öðrum af sjálfum okkur. Ágætt er að við vanmetum ekki gildi persónulegra athafna og samneytis. Við getum ekki leyst mikilvæg og óum-

flýjanleg samskipti með dauðum hlutum og útaustri þeirra. Öll góð og gegn samskipti hljóta að byggjast upp á nálægð okkar hvert við annað og tjáskiptum sem fylgja slíkri nálægð.

Ytri verðmæti í formi hluta eða aðstæðna eru viðunandi en einungis ef samræmis og jafnvægis gætir í innra sem ytra lífi okkar. Við sem erum rífleg og stórlát verðum sjálf að skilja tilgang og ástæður þess að við gefum öðrum stundum tilgangslitla hluti en ekki jálægar tilfinningar og nærfærna umhyggju sem þeir geta frekar nýtt sér.

Hyggilegt er og jafnframt dýrmætt að við séum meðvituð um að góður hugur og friðkær samskipti eru allra gjafa hentugastar og hamingjuhvetjand að auki, enda veitt af örlæti og rausn. Í ham höfðingjans eigum við ekki að vanmeta þær gjafir sem koma innan frá og eru hjartnæmar og huglægar. Við ættum að vanda gjafir okkar og hafa þær ekki einungis efnislegar heldur andlegar líka. Gildi gjafar liggur ekki í verði hennar eða stærð. Það er í hugsuninni og tilfinningunum sem liggja að baki því að hún er gefin. Einmitt sú staðreynd gerir hana áhugaverða og réttmæta. Verum því vandlát um gildi gjafar.



Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com

FRÆÐSLA OG FJÖR 6+

EIDFJÖLL

PLAKAT FYLGIR 50x70 cm

Fræðslubækur

Bókin Eldfjöll hefur að geyma góðan fróðleik um eldstöðvar á Íslandi.

Bækur fyrir fróðleiksfúsa krakka.

FRÆÐSLA OG FJÖR 6+

UPPFINNINGAR

PLAKAT FYLGIR 50x70 cm

Óstinauga

Bókin upppfinningar fjallar um helstu upppfinningar í gegnum söguna sem hafa breytt lífi okkar.

HVERFISBLAÐIÐ

BREIÐHOLT

Auglýsingasími 568 8862

Lækkum kostnað heimilanna

Lækkum vexti og verðbólgu
Fjölgu íbúðum strax
Tryggjum örugga afkomu um ævina alla

vidrummedplan.is

Plan um lægri vexti og heilbrigðari húsnæðismarkað



Jóhann Páll Jóhannsson

Fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar verður að kveða niður vexti og verðbólgu og endurheimta traust til hagstjórnarinnar á Íslandi. Lykillinn að því er að við náum styrkri stjórn á fjármálum ríkisins og komum í húsnæðismarkaðnum í fastari skorður. Um þetta snýst plan Samfylkingarinnar.

Í fyrsta lagi ætlum við að breyta lögum um opinber fjármál og taka upp stöðugleikareglu um jafnvægi tekna og rekstrarútgjalda með tilliti til hagsveifunnar. Þannig tryggjum við aukna festu og drögum úr freistni-



Ragna Sigurðardóttir

vanda stjórnmalanna við meðferð opinbers fjár.

Í öðru lagi ætlum við að taka til í ríkisrekstrinum, draga úr sóun í opinberum framkvæmdum, minnka skrifinnsku og efla stafræna innviði. Að sama skapi þarf að styrkja tekjustofna ríkisins með sanngjörnum auðlindagjöldum og auknu jafnræði í skattheimtu. Okkur finnst eðlilegt að tekjuhæsta 1 prósentíð á Íslandi greiði svipað hlutfall tekna sinna í skatt og millistéttin.

Í þriðja lagi verðum við að grípa til

aðgerða í húsnæðismálum til að vinna á stórkostlegu ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Samfylkingin hefur kynnt aðgerðir sem ýta undir að íbúðir séu nýttar til búsetu frekar en skammtímaleigu til ferðamanna, og jafnframt aðgerðir sem liðka fyrir uppbyggingu færanlegra einingarhúsa og breytingu vannýtts atvinnuhúsnæðis í vandaðar íbúðir. Með þessu er hægt að auka íbúðaframboð talsvert meira á næstu tveimur árum en áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir. Þannig tempurum við fasteigna- og leiguverð. Til lengri tíma þarf fleira að koma til svo húsnæðismarkaðurinn færir í betra horf. Þar boðar Samfylkingin nýja nálgun í skipulagsmálum, auknið samstarf ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu innviða í nýjum íbúðahverfum, aukinn stuðning við leigjendur og óhagnaðardrífni íbúðafélög og skilvirkara fyrirkomulag lána til fyrstu kaupenda.

Plan Samfylkingar mun skila okkur lægri vöxtum og heilbrigðari húsnæðismarkaði. Þannig endurheimtum við efnahagslegan stöðugleika og lögum heimilisbókhaldi hjá fólkinu í landinu.

Jóhann Páll Jóhannsson og Ragna Sigurðardóttir, Vesturbæingar og frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmi suður

Prís vill á Seltjarnarnes



Orkureiturinn á Seltjarnarnesi.

Matvöruverslunin Prís hefur sent erindi til Seltjarnarnesbæjar í tengslum við uppbyggingaráform á lóð Orkunnar við Austurströnd. Stjórnendur verslunarinnar vilja að við deiliskipulagsvinnu verði horft til þess að á jarðhæð verði stórt verslunarrými þar sem Prís hefur hug á að opna verslun, en endurskipulagning svæðisins er nú til skoðunar hjá sveitarfélaginu. Prís hefur að undanfögnu leita eftir möguleikum á að opna fleiri verslanir á höfuðborgarsvæðinu en nú rekur félagið verslun við Smáratorg í Kópavogi.

Orkan, sem er með leigusamning vegna Orkureitsins er móðurfélag Príss, en móðurfélag Orkunnar er

svo fjárfestingafélagið Skel, sem skráð er í Kauphöllina. Í fyrirnefndri umfjöllun Morgunblaðsins um málið er haft eftir Þór Sigurgeirssyni, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, að leigusamningurinn yrði endurskoðaður þegar hann myndi renna út. Árið 2015 var haldin hugmyndasamkeppni um miðbæ á Seltjarnarnesi. Sigurtillagan gerði ráð fyrir að byggt yrði við Eiðistorg en einnig að atvinnuhúsnæði við Norðurströnd, meðal annars á Orkureitnum, yrði rífið og íbúðabyggt kæmi í staðinn. Íbúar tóku ekki vel í þær hugmyndirnar sem síðan voru lagðar til hliðar. Nú hefur verið stofnaður vinnuhópur um þróun á Eiðistorgi og á Orkureitnum. Seltjarnarnesbær hyggst taka þessu reiti til sín þegar núverandi leigusamningur rennur út.

Lækkum vexti

Það er stærsta hagsmunamál heimila og fyrirtækja!

Styðjum við verðmætasköpun í stað þess að kæfa hana

Ódýrari matarkarfa með lækkun matarskatts

Tryggjum samkeppnishæft umhverfi fyrirtækja

Eflum íslenskukennslu og tryggjum að öll snjalltæki og forrit tali íslensku

xb.is

Látum verkin tala

Lengjum fæðingarorlofið í 18 mánuði og hækkum hámarksgreiðslur!

Látum næsta kjörtímabil snúast um börn og fjölskyldur

Höldum áfram að stórefla íþróttir og verknám

Auðveldum ungu fólki að eignast eigið húsnæði með útvíkkun hlutdeildarlána

Útrýmum biðlistum fyrir börn með þjónustutryggingu

LILJA ALFREÐSDÓTTIR
1.SÆTI REYKJAVÍK SUÐUR
Menningar- og viðskiptaráðherra og hagfræðingur

ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON
1.SÆTI REYKJAVÍK NORÐUR
Mennta- og barnamálaráðherra



Framsókn




Unglist 2024

Unglist, listahátíð ungs fólks, fór fram víðsvegar um Reykjavík dagana 1. – 9. nóvember. Hátíðin er haldin að frumkvæði Hins Hússinser og er árlegur vettvangur fyrir ungt upprennandi listafólk á aldrinum 16-25 ára. Á þessum viðburðaríku dögum voru haldnar myndlistar og ljósmy-

ndasýningar, klassískir tónleikar og rokktonleikar, keppt í leikhússporti, haldnar dans- og leiksýningar og fleira og fleira.

Uppákomurnar fóru fram víðsvegar um Reykjavík, m.a. í Hinu Húsinu, Borgarleikhúsinu, Hörpu, Tjarnarbíói,

Árbæjarsafni, Sundhöll Reykjavíkur og Gallerí Núllinu og allsstaðar var aðgangur ókeypis. Það er ástæða til að hvetja fólk til að hafa augun opin fyrir þessari árlegu hátíð þar sem hægt er að kynna list og sköpunarkrafti ungs fólks.



Réttlæti fyrir fólk og framtíð

Verkefni næstu missera eru skýr, réttlæti fyrir fólk og framtíð. Almennur er langþreyttur á háum vöxtum, dýrum matarkörfum og hækkandi leiguverði, þar sem fólk sýpur seyðið af þenslu sem það stofnaði ekki til. Ungt fólk sér ekki fram á að geta safnað fyrir útborgun og foreldrar þeirra sjá ekki hvernig þau geta aðstoðað börn sín í því að eignast þak yfir höfuðið. Sýn okkar er sú að það verði engin efnahagslegur eða félagslegur stöðugleiki öðruvísi en það verði ráðist í frekara átak í húsnæðismálum, sem auki framboð og verji venjulegt fólk frá því að keppa við fjárfesta um íbúðarhúsnæði.



Svandís Svavarsdóttir

Átak af þessu tagi verður ekki gert nema í þétu samtali við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að ríkið stígi fastar inn í með fleiri hvata fyrir sveitarfélög að tryggja framboð á lóðum til uppbyggingar á fjölbreyttu húsnæði sem svarar þeirri eftirspurn sem er til staðar. Húsnæði sem passar fyrstu kaupendum, gæða húsnæði á viðráðanlegu verði sem hentar fjölskyldum. En að sama skapi þarf að tryggja framboð af húsnæði fyrir þau sem vilja geta minnkað við sig og fara í hentugra húsnæði á efri árunum.

Um leið þarf að gæta að því að skattkerfið virki sem tekjujöfnunartæki og færi fé frá þeim sem geta til þeirra sem þurfa. Ísland er ríkt land og við eigum að geta búið til þjóðfélag þar sem fátækt barna er útrýmt, þar sem að öflugt velferðarkerfi grípur þau sem hrasa og þar sem að öll hafa tækifæri á að dafna. Þar sem við tryggjum öflugt opinbert heilbrigðiskerfi og að

framfærsla eldra fólks sé ekki lægri en lágmarkslaun. Félagsþjónusta og samvistir kynslóða eru jafnframt mikilvægur þáttur í því að tryggja samheldið samfélag og vinna gegn einmanaleika fólks á öllum aldri. Við finnum í samtölum við kjósendur að málefnaaðstaða VG í þessum efnum er sterk.

Þær breytingar sem hafa orðið til batnaðar á síðustu árum hafa verið vegna þess að VG hefur barist fyrir þeim á vettvangi ríkisstjórnar og í þinginu. Skólamáltíðir, þrepaskipt skattkerfi, borgarlína og stóruauknar húsnæðisbætur eru örfá dæmi um að það skipti máli að rödd VG var sterk. Öllu máli skiptir að rödd VG haldi áfram að verða sterk og fyrir því berjumst við.



Samfylkingin



Lækkum kostnað heimilanna

Lækkum vexti og verðbólgu

Fjölgu íbúðum strax

Tryggjum örugga afkomu um ævina alla

viðerummeðplan.is

Einföld aðgerð til að auka íbúðaframboð



Arna Sigrún Haraldsdóttir

Þessu markmiði er að skattleggja tómar íbúðir, sem gæti dregið úr því að íbúðir standi ónotaðar í fjárfestingarskyni. Slík skattlagning myndi hvetja eigendur til að koma eignum á leigumarkað eða selja þær, sem eykur framboð og lækkar verð. Það tekur langan tíma að byggja húsnæði, en að koma tómu húsnæði á markað ætti ekki að vera tímafrek aðgerð. Vissulega leysir þessi aðgerð ekki húsnæðisvandann allan, en því ekki að leysa fyrst einföldu flækjurnar?

Önnur einföld aðgerð til að auka íbúðaframboð er að draga úr fjölda íbúða sem nýttar eru í skammtímaleigu fyrir ferðamenn, til dæmis í gegnum Airbnb. Núverandi reglugerð miðar við að eigendur geti leigt út heimili sín í 90 daga á ári að hámarki og fyrir ekki meira en 2 milljónir. Ég tel reyndar að ekki sé þörf á hámarksfjárhæð, því ef ferðamenn vilja greiða meira en 2 milljónir fyrir 90 daga gistingu þá skaðar það ekki ríkissjóð og hefur engin áhrif á húsnæðisvandann. Hins vegar þegar íbúðum er breytt í gististað fyrir ferðamenn til lengri tíma fer það að hafa áhrif á húsnæðisframboð. Að koma þessum húsum í sölu eða langtímaleigu til íbúa þessa lands ætti að hafa forgang fram yfir skammtímaleigu til ferðamanna. Nú er áriðandi að setja lög sem takmarka heimildir sveitarfélaga til að veita leyfi til þess að íbúðum sé breytt í gististaði ferðamanna.

Arna Sigrún Haraldsdóttir
Höfundur skipar 6. sæti á lista Pírata í Reykjavíkurborg norður.

Ég bý í nokkuð þéttbýlu hverfi í gamla Vesturbænum og út um eldhúsgluggann minn sé ég þrjár íbúðir sem hafa staðið tómar í þau þrjú ár sem ég hef búið hér. Að sjálfsgöngu geta verið ýmsar ágætastærðir fyrir því að íbúðir standi tómar, þær gætu mögulega verið lengi í sölu eða eigendur gætu varið stórum hluta árs erlendis og viljað eiga heimili sitt á Íslandi sömuleiðis. Það er gott og vel, en að halda íbúðum tómu af því þær eru ekkert annað en langtímafjárfesting fjármagnseigenda er óásætlanlegt.

Áherslur Pírata í húsnæðismálum byggja á mannréttindum og samgjörnum aðstæðum á markaði þar sem húsnæði er heimili fyrst og síðan fjárfesting. Einn möguleiki til að ná

Farsældin skilar árangri



Ásmundur Einar Daðason

ungmenna séu að virka.

Líðan og velferð barna fer batnandi

Einelti meðal ungmenna í 10. bekk hefur minnkað umtalsvert þar sem einungis 4% barna í 10. bekk segjast nú verða fyrir einelti, en það er umtalsverð breyting til batnaðar. Að sama skapi hefur félagsleg þátttaka barna aukist, og taka fleiri börn nú þátt í skipulögðu íþróttastarfi og tómsundum en áður. Börn í yngri bekkjum sækja í auknum mæli íþróttir og tómsundastarf. Nánast öll börn segjast eiga vini, og mikill meirihluti nemenda þvert á árganga telur sig eiga auðvelt með að eignast nýja vini. Þetta skapar sterkan grunn fyrir félagsfærni þeirra og stuðlar að jákvæðri líðan.

Kviði og depurð fer minnkandi

Rannsóknin sýnir meðal annars að kviði og depurð meðal barna og ungmenna hafi minnkað. Hjá börnum í 6. bekk mælist þetta hlutfall barna sem finna fyrir kviði nú 35%, og hefur lækkað um heil 13%. Sama mæling hefur einnig lækkað meðal barna í 8. og 10. bekk. Þetta eru mikilvægar vís-

bendingar um að snemma inngríp og stuðningur samkvæmt farsældarlögunum séu að virka. Þrátt fyrir þessar góðu fréttir er andleg heilsa enn ein helsta áskorun okkar framvegin, við þurfum að halda áfram að hlúa að andlegri heilsu ungmenna svo þessi lækkun sem við erum farin að sjá haldi áfram.

Ætlum að fást við áskoranir

Þessar jákvæðu niðurstöður sýna okkur að samfélagið er að ná árangri í að bjóða upp á öflugt stuðningskerfi fyrir börn. Samt sem áður stöndum við enn frammi fyrir áskorunum, sérstaklega þegar kemur að börnum í viðkvæmri stöðu. Með nýjum úrræðum fyrir börn af erlendum uppruna, börn á flótta og börn í erfiðum félagslegum aðstæðum ætlum við að tryggja jöfn tækifæri og betri lífsskilyrði fyrir öll börn á Íslandi. Við ætlum að halda ótraud áfram og gera enn betur!

Ásmundur Einar Daðason er mennta- og barnamálaráðherra. Hann skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður.

Nýjar niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2024 sýna jákvæða þróun í líðan og velferð barna og ungmenna, sem gefur okkur tilefni til bjartsýni. Gögnin benda til að ný lög um farsæld barna og þau fjölmörgu úrræði sem við höfum innleitt á undan förunum árum í þágu barna og

Matthías Johannessen



M-samtöl ÚRVAL

Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólffson. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

Einstakt úrval, einstök bók



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



Frábær
jólagjöf
fyrir alla
skemmtilega
pabba. Nú
geta þeir
slegið um sig
með alvöru
pabba-
bröndurum.

Splunkuný
bók + 16
vísnaðgur.



Pantaðu tíma í HEYRNAR GREININGU

Nánari upplýsingar í síma 534 9600 eða á heyrn.is

Allar helstu rekstrarvörur og
aukahluti fyrir heyrnartæki fást
á vefverslun **heyrn.is**

Góð heyrn glæðir samskipti

(((HEYRN)))

Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is




LOFTGÆÐI ERU LÍFSGÆÐI SLEPPUM NÖGLUNUM



Reykjavík

	Krossgátugerð: Bjarni sími 845 2510	óstöðugan	þegar	labbb	einn til			tré	fugl	3 eins	
		→				→					
		fuglinn						veiki ílát			
Teikning: Tím eftirprentun bönnuð	↓	urða						fiskur			
mæt			6						spendýrið	álpast	
	↓	7	mjög 3 eins					bæn baldinn			
þraut								keyrið mát			blómið
riðu								sómi vensluð			5
umbuna											2
											3 eins
		feiti	tjón					heiti iðnaðar- maður			
væntingin								anga skerða		storm api	
eignast								gabb regluþróður		eftir	elska mannvirki
klístur								3	botnfall	stéttina	kvendýri
frjálsar											framleiðslan
											vaggar
											skordýr röð
											2 eins hnappur
		neðra áreiðið									öðlast nudda
bera								stífur til			
varðandi											munda
											klukka ofkæling
1001											elska
											duglausa 1002
											fiskislóð 2 eins
											læsta 1001
		nudduð									fóðra
											greinir
erfiðri	1										nærður



	G												
	TRIMMA	AT											
	ROM	AFANA											
	AA	LLL	L										
	N	ATT	LÓA										
	VEINAR	I	HAM										
	EL	AN	FARA	I	L								
	RJÓÐ	BANANANA											
	TADAN	T	KUNN										
	UNA	ELLEGAR	G										
	RAFALL	Ð	HA										
	EFANN	AFLA	A										
	KU	NAG	U	RÆNA									
	KLÓ	LARF	RAS										
	ILL	GAN	ANI	N									
		MY	SORI	NÍ	A								
	AMAST	VOR	G	R									
	Ð	U	ASK	FINN									
	HORFA	ALA	Ó	I									
	KÓF	ASNARNIR											

Lausnarorð: G E S T A G A N G U R

- 1 Gjafabréf frá Optic Reykjavík - Þórey Aðalsteinsdóttir
- 2 Gjafabréf í klippingu frá Greiðunni. - Sigríður Björg Jónsdóttir
- 3 Lyginn, bók frá UGLU - Gísli Ragnarsson
- 4 Óseldar bækur bóksala, bók frá Uglu - Edna Mastache
- 5 Tengdamamma, bók frá Uglu - Ingunn Erlendsdóttir
- 6 Sögur fyrir 3 ára frá Óðinsauga - Rúna Gísladóttir
- 7 Ískúlur frá Skúbb Laugarásveg 1 - Sigrún Guðjónsdóttir
- 8 Tveir miðar á Kariús og Baktus - Bjarni Ómarsson

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

1. verðlaun - Gjafakort frá Íslandsapóteki Laugaveg 53b 2. verðlaun - Gjafakort frá Dimmalímm Laugavegi 53b
 3. verðlaun - Stafróf knattspyrnunnar, bók frá Hólum 4. verðlaun - Sögur fyrir 4 ára, bók frá Óðinsauga
 5. verðlaun - Emma og rennireiðin, bók frá Óðinsauga 6. verðlaun Klökkna klakatár bók frá Uglu
 7. verðlaun - Undirheimar, bók frá Tindi 8. verðlaun - Ískúlur frá Skúbb Laugarásvegi 1

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Verðlaunakrossgáta Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík

Nafn:

Heimili:

Kennitala:

Símanúmer:



Dregið verður úr réttum lausnum 5. des.



Verið ávallt velcomin
Gott vöruúrval, betra aðgengi
ÍslandsApótek býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum verðum

Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá ÍslandsApóteki

OPNUNAR-TÍMAR:
Virka dag 10:00 – 18:00
Laugardaga 10:00 – 16:00
Sunnudaga Lokað

ÍSLANDS APÓTEK
LAUGAVEGI 53b S: 414 4646





Albert Þór Magnússon og Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir

Íslenska sveitin í Dimmalimm

Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon eigendur Lindex og Gina Tricot hafa fest kaup á barnafataversluninni Dimmalimm á Laugavegi 53b og stefna að því að selja þar í þjóðlegan íslenskan fatnað í bland við vönduð spönsk barnaföt. Við hittum hjónin í höfuðstöðvunum í Skeiðarási til að spyrja fréttu af þessum kaupum.

Ég ákvað að heyra í Lilju eiganda verslunarinnar Dimmalimm, segir Lóa Dagbjört, til að spyrja hvort hún vildi selja og hún tók bara mjög vel í það. Við fórum að ræða saman og hálfu ári seinna vorum við búnar að ganga frá því að við tækjum við rekstrinum á Laugavegi. Þar ætlum við að halda áfram með Mayoral merkið og svo erum við með Lenne sem er eistneskt útfatamerki, mjög góðar vörur. Svo erum við að endurvefja gamalt fatamerki sem við byrjuðum með fyrir fimmtán árum síðan sem heitir Emil og Lína og ætlum að vera með íslenska hönnun og barnafatnað undir því merki. Það er mjög skemmtilegt að taka við keflinu af Lilju sem er ekta búðarkona.

Emil og Lína verður mjög íslenskt vörumerki og það verða sagðar sögur í tengslum við barnafatnaðinn, íslenskar þjóðsögur og tvínaðar saman við íslenska náttúru og íslensku húsdýrin og hönnunin verður þannig að þetta verði ljóst og skemmtilegt fyrir börnin. Við verðum með tröll og víkinga og íslensku fuglana og segjum sögur af þeim og svo verðum við með íslenskt handverk, þrjónafatnað og fleira á börn, þrjónað af íslenskum konum. Það tengist

uppruna okkar Alberts því ömmur okkar voru miklar handverkskonur, amma mín þrjónaði peysur alveg linnulaust og amma hans Alberts var klæðsker. Þannig að við erum að leita í rættur og spreita okkur á því að vera með okkar eigin vörumerki og við ætlum að gera því hátt undir höfði í Dimmalimm og færa íslensku sveitina á Laugavegin.

Ætlið þið að fylgja því eftir í innréttingunum?

Já það er gaman að segja frá því, segir Albert, en ég hafði upp á fyrsta bílnum sem ég keyrði en það er Landróver. Ég talaði við mann sem erfði bílinn og er búinn að taka við því föður síns þar sem ég var í sveit og ég spurði hann hvort ég gæti fengið Landróverinn. Það var samþykkt og við ætlum að færa hann með einum eða öðrum hætti inn í verslunina og þessi fyrsti bíll ég sem keyrði og ýmsir munir sem einkenna íslensku sveitina verða þarna. Og það eru fáir hlutir sem tengjast íslensku sveitinni meira en Landróverinn.

Samhliða þessu verðum við með Mayoral merkið sem er eitt stærsta barnafatamerkið í Evrópu, er í um 100 löndum með 10000 útsöluastaði. Þetta er risavaxið fyrirtæki og það er fjórði ættliðurinn sem er að reka þetta frá Malaga á Spáni en þeir byrjuðu 1941 að framleiða sokka en hafa framleitt barnafatnað frá 1966 og eru stærstu barnafatframleiðendum heims. Við byrjuðum við eldhúsbörðið í Svíþjóð 2010 og það hefur vaxið í þetta fyrirtæki sem við reukum í dag með rosalega mikið

af flottu og hæfileikaríku fólki í kringum okkur. Lóa hefur oft sagt að höfuðstöðvarnar í Skeiðarásnum séu eins og sveitabær því það er alltaf einhver að koma eða fara og allir að fá kaffi og spyrja fréttu og að það á ágætlega við að líkja staðnum við sveitabær því það er dálítil sveitastemming hérna.

Búðirnar okkar eru um allt land og það vinna um 150 manns hjá okkur, segir Lóa. Við erum með Lindex-verslanir á Selfossi, á Akureyri og Egilsstöðum, á Akranesi og á Suðunesjum, við erum landsbyggðarfólk og viljum sinna landsbyggðinni vel. En okkur finnst líka gaman að vera með búð á Laugaveginum því það eru svo margir ferðamenn þar og spennandi var vera með Emil og Línu þar sem er íslenskt barnafatamerki en svo er Mayoral algjör andstæða en það er eiginlega sparifata barnamerki þar sem þú færð ullarkápur og sixpensara, slaufur og axlabönd og þessháttar.

Þetta eru fin föt, segir Albert, og þó full-orðnir geti keypt sér jakkaföt þá er ekki svo mikið úrval af þannig fineri fyrir börn og þetta hefur dálítið vantað í vöruúrvalið sem við bjóðum í gegnum Lindex. Við sjáum ýmis tækifæri í gegnum þessa blöndu að leyfa Mayoral fatnaði að njóta sín með íslensku sveitinni, lopapeysunni og lundaprentinu.

Við getum nú stóraukið úrvalið af Mayoral fatnaði á Laugavegi, segir Lóa og munum nú frumsýna alla vörulínuna þar.



Rósa Rúnudóttir og Kristín Ingvadóttir

Fagrar tær og mjúkar yljur

Í Furugerði 1 eru starfræktar þjónustu-íbúðir á vegum Reykjavíkurborgar og er ýmis starfsemi og þjónusta í boði í húsinu, bæði fyrir íbúa og utanaðkomandi. Hinn 1. október 2018 tók snyrti- og fóttaaðgerðafræðingurinn Rósa Rúnudóttir við rekstri fóttaaðgerðastofunnar í Furugerði 1. Núna hefur henni bæst liðauki þar sem Kristín Ingvadóttir er komin til starfa. Hún er fóttaaðgerðafræðingur, nuddari og íþróttá-

fræðingur og kemur frá Grindavík. Þær stöllur leggja áherslu á að fóttaaðgerðastofan nýstist ekki bara heimilismönnum Furugerðis heldur sé opin öllum. Stofan er á fyrstu hæð og aðgengi er með besta móti fyrir aldraða og fatlaða og hægt að keyra fólk alveg upp að dyrum. Gjafakort í fóttaaðgerð er góð gjöf enda eru fætunir undirstaða fyrir vellíðan. Tímá pantanir eru í síma 588-2232.

Krossgátublaðið Nýjar Tímstundir 57. tbl. og Krossgátublaðið Fjörefni 57. tbl. fást á næsta blaðsöluastað



NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!

KARÍUS & BARTUS

MÍÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS

GJAFABRÉF

BÍÓKORT EINN MÁNUÐUR LAUGARÁS BÍÓ

Gjafir þessu ermi á spjörku að engin veit áskilnað þessu og gæti LAUGARÁS.

Gefðu skemmtilega gjöf!
Bíókort og gjafabréf fást í miðasölu Laugarásbíós

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

Vesturbærinn

Mestu framkvæmdir í áratugi

Reykjavíkurborg hefur nú auglýst eftir þátttakendum í forval verktaka sem annast myndu byggingu fjölnotahúss á íþróttasvæði KR við Frostaskjól. Nýtt fjölnoahús og fleiri mannvikri sem nú eru á döfni munu gjörbreita aðstöðu KR og einnig Vesturbæjarins. Helstu baráttumál félagsins til lengri tíma eru nú að komast á hreyfingu. Skúli Helgason formaður menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs ræddi málið við Vesturbæ hverfisblað.

Við erum að leggja lokahönd á samninga við KR um mikla uppbyggingu að aðstöðu þessa fornfræga félags. Við erum að vinna í þremur stórum verkefnum og tvö þeirra eru í höfn og það þriðja í vinnslu. Við höfum átt mjög gott samráð við forsvarsmenn KR. Bæði nýjan formann félagsins, formann knattspyrnudeildar og fleiri framamenn félagsins. Við sem förum fyrir íþrótt- og menningarsviðinu og íþróttaráðinu höfum unnið að þessu ásamt borgarstjórum núverandi og fyrrverandi og nálgumst öll málin lausnamiðað með það að markmiði að bæta til muna aðstöðu fyrir iðkendur og stuðningsmenn þessa fornfræga stórveldis í Vesturbænum.

Nýtt gervigras fyrir yngri flokka

Í fyrsta lagi má nefna endurnýjun á gervigrasinu sem, hefur verið notað fyrir æfingar og keppni yngri flokka undanfarin á og þeirri vinnu

var að ljúka og völlurinn kominn í notkun. Þetta gervigras leysir af hólmi völl sem lagður var fyrir nokkrum árum og reyndist vera með alvarlegum göllum. Nú stendur yfi rannsókn af hálfu framleiðandans í hverju þeir liggja. Við ákváðum hins vegar að biða ekki eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar heldur fara strax af stað með að leggja nýjan gervigrasvöll enda ekki hægt að bjóða börnum og ungmennum upp á aðstöðuleysi mánuðum saman. Þetta þýðir að við erum komin með glænnýjan völl sem á að geta enst næstu 6 til 7 árin.

Stærsta málið er fjölnota íþróttahús

Annað og einn stærra hagsmunamál fyrir KR og Vesturbæinga er að búið er að auglýsa útbóð á Evrópska efnahagssvæðinu á stærstu framkvæmd síðustu áratuga á KR svæðinu. Það er bygging tæplega 7000 fermetra fjölnota íþróttahúss sem mun nýttast fyrir margar íþróttgreinar. Þar má nefna knattspyrnu, taekwondo, glímu, skák, pílu rafíþróttir, íþróttir fyrir eldri borgara auk tónmenntakennslu sem Do-Re-Mi hafa sinnt í félagsheimili KR í Frostaskjóli. Þá mun félagsaðstaðan batna mikið auk þess sem nýja húsið mun létta mikið á öðrum íþróttasólum sem eru í notkun auk núverandi íþróttahúsi KR. Þetta er framkvæmd upp á um tvo og hálfan milljarð. Þetta er framkvæmd sem skoraði hátt í forgangsröðun íþróttamannvirkja árið 2020



Helgi Skúlason

og nýja húsið verður mikil lyftistöng fyrir félagið hvernig sem á er litið. Í útbóðsgögnum er gert ráð fyrir því að húsið verði tilbúið til notkunar á árinu 2027 en tímalínur verða skýrari þegar niðurstöður útbóðs liggja fyrir.

Knattspyrnuvöllur með gervigrasi

Þriðja málið sem við höfum svo verið að ræða undanfarin vikur er endurnýjun á aðal knattspyrnuvelli KR í knattspyrnu sem einkum hefur nýst meistaraflokkum karla og kvenna. Það voru tímamót í haust þegar fram kom skýr vilji hjá félaginu að leggja gervigras á völinn, til að hann geti

nýst allan ársins hring en ekki bara yfir hásumarið. KR hefur undanfarin ár verið eina liðið í borginni sem spilar heimaleiki sína á náttúrulegu grasi og ástand vallarins hefur versnað undanfarin ár. Ástandið var sérstaklega slæmt á liðnu sumri og KR gat ekki spilað á vellinum fyrr en tæpur mánuður var liðinn af Íslandsmótinu og þurfti líka að spila síðasta heimaleikinn annars staðar. Við létum gera skýrslu um ástand vallarins og hún leiðir í ljós að ástand vallarins er óvenju slæmt. Núna erum við í viðræðum við forsvarsmenn KR um hvernig verði best staðið að fjármögnun, undirbúningi og framkvæmdum þessa verkefnis og vonandi skilar það góðri niðurstöðu

á komandi vikum og mánuðum. Það er auðvitað ljóst að gervigras þjónar miklu betur starfsemi ekki síst þegar keppnistímabilið hefur lengst um heila tvo mánuði frá því sem áður var og íslensk félög eru farin að komast lengra í Evrópukeppnum, sem er mjög ánægjuleg þróun. Það er gaman að sjá kraftinn í forsvarsmönnum félagsins, KR er með nýja öfluga þjálfara, stefnu um að byggja í auknum mæli á heimaöldum leikmönnum og metnaðarfull áform sem við viljum að sjálfsögðu styðja við eins og hjá öðrum íþróttafélögum í borginni, segir Skúli Helgason formaður menningar og íþróttaráðs að lokum.



Athafansvæði KR á milli Kaplaskjólsvegar og Meistaravalla í Veturbæ Reykjavíkur. Tekið skal fram að þetta mun ekki endanleg útfærsla þeirra framkvæmda sem verið er að fara af stað með.



- Húsnæði fyrir fólk en ekki fjárfesta
- Sérstakar vaxtabætur til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila
- Tökum vel á móti innflytjendum og tryggjum þeim möguleika á að blómstra sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu
- Útrýmum kynjamisrétti og kvenfyrirlitningu
- Flýtum Borgarlínunni
- Stórauðum fjárveitingar til loftslagsaðgerða og flýtum þeim

Meira á vg.is



Það er komið að þér

- Hækkum skattleysismörk í 450.000 kr. á mánuði hjá lágtekjufólki með fallandi persónuafslætti.
- Byggjum upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem lögð er áhersla á fasta óverðtryggða vexti og tryggjum þannig fyrirsjáanleika.
- Afnemum húsnæðisliðinn úr vísitölu neysluverðs, því hann heldur verðbólgunni uppi.
- Bætum stöðu og réttaröryggi leigjenda með leigubremsu.



Marta Wieczorek

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Inga Sæland





KR merkið

KR með nýtt félagsmerki

Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) hefur fengið nýuppgert félagsmerki í tilefni 125 ára fafmælis félagsins.

Teymi frá Brandenburg sá um uppfærsluna en hana leiddi Hrafn Gunnarsson ásamt Þorgeiri Blöndal. Merkið var hreinsað til, stafirnir uppfærðir og það fært í nútímalegri stíl. KR-merkið er rótröið í

hugum landsmanna. Það var valið flottasta merki landsins í kosningu um merkingu íþróttafélaga á síðasta ári. Merkið birtist fyrst árið 1921 í auglýsingu fyrir skemmtun sem KR stóð fyrir á Hótel Íslandi. Trygvi Magnússon teiknaði upprunalegu útgáfu merkisins árið 1920 og það var fyrst um sinn í skjaldarformi.



Alexander Helgi Sigurðsson.

Alexander til KR

Alexander Helgi Sigurðsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við KR. Alexander kemur til KR frá Breiðabliki þar sem hann hefur spilað upp alla yngri flokka félagsins.

Alexander fór til Hollands 17 ára gamall þar sem hann spilaði með unglíngaliði

AZ Alkmaar. Á ferlinum hefur hann einnig spilað fyrir Viking Ólafsvík og Vasalunds IF í Svíþjóð. Alexander á 18 leiki fyrir yngri landslið Íslands. Alexander lék undir stjórn Óskars Hrafn Þorvaldssonar í Breiðabliki en hann er einn af þrettán leikmönnum sem Óskar hefur fengið til KR.

Konukot í húsnæðisvanda

Reykjavíkurborg leitar nú eftir hentugu húsnæði fyrir Konukot, sem er neyðarskýli fyrir konur sem þurfa á bráðri aðstoð að halda.

Um er að ræða pláss sem þarf að lágmarki að vera um 350 fermetrar. Nauðsynlegt er að þar geti að minnsta kosti 12 konur dvalið ásamt starfsmanna-aðstöðu fyrir tvo til þrjú starfsmenn. Um er að ræða eldhús, borðstofu, setustofu, þvottahús og þrjú til fjórar snyrtingar auk aðstöðu fyrir sturtu. Æskilegt er að húsnæðið sé notalegt, snyrtilegt og aðgengilegt, sérstaklega með þarfar fatlaðs fólks í huga. Að nauðsynleg staðsetning sé miðsvæðis eða nálægt stofnbrautum og með góðu aðgengi að almennings-samgöngum. Í Konukoti er boðið er upp á heita kvöldmáltíð og léttan morgunverð. Þá geta konur þvegið fatnað og notað hreinlætisaðstöðu. Einnig er



Núverandi húsnæði Konukots við Eskilhlíð þykir ekki lengur boðlegt.

þeim útvegaður fatnaður eftir þörfum. Konukoti er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði, áfalla- og kvennamiðaðri

nálgun og áhersla lögð á konur sem nýta úrræðið.

Hætt við gjaldtöku

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að hætta við gjaldskyldu fyrir notkun bílastæða í þremur götum nálægt Háskóla Íslands þar til að skólinn mun sjálfur hefja gjaldtöku á bílastæðum sínum. Um er að ræða göturnar Aragötu, Oddagötu og Sæmundargötu.

Tilkynnt var í byrjun september að Háskóli Íslands hafi frestað gjaldtöku fyrir bílastæði við skólann fram yfir áramót. Var ástæðan sögð sú að vinna við innleiðinguna hefði tekið lengri tíma en ætlað var og því hafi verið tekin sú ákvörðun að fresta henni. Í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs segir að ekki sé talið þörf á gjaldskyldu götum þremur fyrir en þá.

„Núverandi gjaldskylda er þó í gildi þar til ný samþykkt hefur verið birt í Stjórnartíðindum og merkingar og greiðsluvél fjarlægð,“ segir í fundargerðinni.



Bla

Gervigrasið fauk á fyrsta sólarhring

Alexander Helgi Sigurðsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við KR. Alexander kemur til KR frá Breiðabliki þar sem hann hefur spilað upp alla yngri flokka félagsins.

Alexander fór til Hollands 17 ára gamall þar sem hann spilaði með unglíngaliði AZ Alkmaar. Á ferlinum hefur hann einnig spilað fyrir Viking Ólafsvík og Vasalunds IF í Svíþjóð. Alexander á 18 leiki fyrir yngri landslið Íslands. Alexander lék undir stjórn Óskars Hrafn Þorvaldssonar í Breiðabliki en hann er einn af þrettán leikmönnum sem Óskar hefur fengið til KR.



Gervigras í Frostaskjól.

NÝTT Á ÍSLANDI...

Hágæða náttúrulegar hárvörur frá TANINO sem vernda og styrkja hárið eru komnar í sölu á vefnum okkar - scala.is

Þú getur líka kíkt við hjá okkur að Lág múla 5.



Scala
HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLA 5
108 REYKJAVÍK | 553 1033

TANINO
THERAPY



noona.is/scala

fb.com/scala.hair
www.scala.is



AÐVENTU OG JÓLATÓNLEIKAR | 2024

BACH Á AÐVENTUNNI

Sunnudagur 1. desember kl. 17

Kór Hallgrímskirkju

Harpa Ósk Björnsdóttir | *sópran*

Hildigunnur Einarsdóttir | *messósópran*

Benedikt Kristjánsson | *tenór*

Fjölur Ólafsson | *barítón*

Halldór Bjarki Arnarson | *sembal*

Barokkbandið Brák

Steinar Logi Helgason | *stjórnandi*

Aðgangseyrir ISK 5.900

HÁDEGISTÓNLEIKAR

Laugardagur 7. desember kl. 12

Tómas Guðni Eggertsson | *orgel*

Davíð Þór Jónsson | *píanó*

Aðgangseyrir ISK 2.900

SYNGJUM JÓLIN INN!

Kórsöngur, almennur söngur & lestrar

Sunnudagur 22. desember kl. 17

Kór Hallgrímskirkju | Steinar Logi Helgason | *stjórnandi*

Kór Langholtskirkju | Magnús Ragnarsson | *stjórnandi*

Graduale Nobili | Agnes Jörunn Andrésdóttir | *stjórnandi*

Björn Steinar Sólbergsson | *orgel*

Ókeypis aðgangur

ORGELTÓNLEIKAR | Olivier Messiaen | Fæðing Frelsarans

26. desember – Annar í jólum kl. 17

Björn Steinar Sólbergsson | *orgel*

Aðgangseyrir ISK 3.900

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

31. desember – Gamlársdagur kl. 16

Björn Steinar Sólbergsson | *orgel*

Aðgangseyrir ISK 4.500

Miðasala í Hallgrímskirkju og á www.tix.is



Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B



dimmalimmreykjavik.is